



Skýringar á álagningarreglum fasteignagjalda fyrir SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRD árið 2019

1. FASTEIGNASKATTUR

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, en þar segir meðal annars:

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Sveitarstjórn ákveður fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið.

Skatthlutfall skal vera sem hér segir:

A. Allt að 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, úтиhús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthús, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B. Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:

Sjúkrastofnanir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C. Allt að 1,65% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

**Heimilt er sveitarstjórn að hækka um
allt að 25% hundraðshluta af A- og C- flokki.**

**Skattprósentan í Sveitarfélagit Hornafirði er
0,45% í A-flokki,
1,32% í B-flokki
1,65% í C-flokki.**

2. LÓÐARLEIGA

Leigugjaldið 1% af fasteignamati lóðar.



3. VATNSGJALD

Álagning vatnsgjalds er gerð samkvæmt 7. og 8. gr. laga um vatsveitur sveitarfélaga nr. 81, 27. des. 1991 og breytingum á þeim lögum gerðum 1995 (lög .r 149), en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli ákveða upphæð vatnsgjalds, sem má vera allt að 0,4% af stofni, sem er fasteignarmat að viðbættu lóðarmati.

Vatnsgjald er **0,18%**.

4. HOLRÆSAGJALD

Holræsagjald reiknast samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá.

Holræsagjald er **0,30%**.

5. SORPGJALD

Sorpgjald ákvarðast af sveitarstjórn skv. samþykktri gjaldskrá.

Sorphreinsigjald er föst upphæð **19.294** kr. á hverja gjaldeiningu og almennt sorpurðunargjald er föst upphæð, **12.128** kr. á hverja gjaldeiningu.

Samtals sorpgjöld eru því **31.422** kr. á gjaldeiningu.

Úr gjaldskrá sem tók gildi 16. október 2017

1. gr.

Íbúðir:

Einingargjald sorphirðu á íbúð er	19.294 kr.
Einingargjald sorpeyðingar er	12.128 kr.
Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum greiðist viðbótargjald:	
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald fyrir 240 l tunnu	16.400 kr.
Lífrænt ílát	14.400 kr.
Græn tunna	14.400 kr.

Frístundahús:

Sorphirðugjald þar sem eru fleiri en 20 frístundahús	3.500 kr.
Sorpeyðingargjald fyrir frístundahús	4.800 kr.